

REGLUGERÐ

um (9.) breytingu á reglugerð um áhættusöm þriðju lönd vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 105/2020.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. 12. tölul. breytist sem hér segir:

Í stað orðanna „Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1393 er birt sem fylgiskjal II við reglugerð þessa.“ komi: Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 80 frá 18. desember 2025, bls. 358–359.

b. Við bætist nýr töluliður, 13. töluliður, svohljóðandi:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/46 frá 3. desember 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um að bæta Rússlandi á skrá yfir áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, 9. apríl 2026, bls. 478–480.

c. Við bætist nýr töluliður, 14. töluliður, svohljóðandi:

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2026/83 frá 4. desember 2025 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2016/1675 um að bæta Bólivíu og Bresku Jómfrúaeyjum á skrá yfir áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á þeim annmörkum sem greinst hafa og hafa útbúið aðgerðaáætlun með FATF og um að fjarlægja Búrkína Fasó, Malí, Mósambík, Nígeríu, Suður-Afríku og Tansaníu af þeirri skrá, sem vísað er til í IX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, 9. apríl 2026, bls. 481–484.

2. gr.

Listi yfir áhættusöm þriðju lönd, sem birtur er sem fylgiskjal I við reglugerð nr. 105/2020, tekur breytingum til samræmis við þær breytingar sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar. Listinn er birtur sem fylgiskjal I við reglugerð þessa þannig breyttur.

3. gr.

Fylgiskjal II, viðvíkjandi birtingu framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/1393 ásamt viðauka, fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 56. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 140/2018, og öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 18. maí 2026.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Páll Winkel.

Fylgiskjal I.

**Listi yfir áhættusöm þriðju lönd,
sbr. framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1675.**

I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Alsír
3	Angóla
4	Bólvía
5	Bresku Jómfrúaeypjar
6	Kamerún
7	Côte d'Ivoire (Fílabeinsströndin)
8	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
9	Haítí
0	Kenya
11	Laos
12	Líbanon
13	Mónakó
14	Myanmar (Mjanmar)
15	Namibía
16	Nepal
17	Suður-Súdan
18	Sýrland
19	Trínidad og Tóbagó
20	Vanúatú
21	Venesúela
22	Víetnam
23	Jemen

II. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa ákveðið að fara fram á tækniaðstoð við að innleiða aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins, og sem eru auðkennd í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

III. Áhættusöm þriðju lönd þar sem er viðvarandi og veruleg hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sem hefur ítrekað mistekist að ráða bót á greindum annmörkum, og sem auðkennd eru í

opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins (FATF).

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Alþýðulýðveldið Kórea

IV. Áhættusöm þriðju lönd sem ekki hafa verið skilgreind sem lönd sem falla undir kröfur um aðgerðir eða aukið eftirlit af hálfu FATF en hafa ógilda aðild að þeim alþjóðlega staðlasetningaraðila um stundarsakir.

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Rússneska sambandsríkið

B deild - Útgáfudagur: 29. maí 2026